



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Alta ehf  
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir  
Hlíðarsmára 8  
201 Kópavogur

Reykjavík, 16. maí 2007

Tilvísun: UST20070400038/sf

## Deiliskipulag vesturhluta Urriðaholts

Vísað er til erindis Alta dags. 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag vesturhluta Urriðaholts í Garðabæ. Skipulagssvæði deiliskipulagsins nær að hluta yfir svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Skipulagssvæðið er alls um 50 ha og nær til vestasta hluta fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar í Urriðaholti og hluta náttúruverndar- og útivistarsvæðis við Urriðavatn. Sá hluti svæðisins sem telst uppbyggingarsvæði er um 28 ha.

### Náttúruverndarsvæði

Urriðavatn allt er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 116), sbr. eftirfarandi lýsingu í skránni: *Urriða(kots)vatn, Garðabæ. (1) Urriða(kots)vatn allt. (2) Hraunjaðar, mýrlendi, gróðurmikið vatn. Auðugt lífríki við þéttbýli.*

Við það er almennt miðað þegar vötn, tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá að vernda beri vatnið sjálft og farveg þess, ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfrabruna. Þá njóta stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri, sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt sama ákvæði, en norðan og sunnan við Urriðavatn er votlendi með fjölbreyttum gróðri.

Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að vinna að friðlýsingu Urriðavatns og svæðis umhverfis það og er svæðið skilgreint sem hverfisverndað svæði í samræmi við þau áform. Einnig kemur fram að afmörkun svæðisins í deiliskipulaginu grundvallist á samráði við nefndir og embættismenn Garðabæjar við lokaafgreiðslu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að svæðið er afmarkað sem náttúruverndarsvæði á deiliskipulagsupphætti en ekki sem hverfisverndað svæði og því misræmi á milli texta í greinargerð og deiliskipulagsupphætti. Stofnunin vekur jafnframt athygli á að þar sem gert er ráð fyrir áningarstað við Urriðavatn liggja mörk svæðisins mjög nærri vatninu og eru þar mun nær vatnsbakkanum en annars staðar innan skipulagssvæðisins. Umhverfisstofnun telur ekkert því til fyrirstöðu að gert sé ráð fyrir mannvirkjum innan þess svæðis sem ætlunin er að

fríðlýsa svo fremi að þau samræmist markmiðum fríðlýsingarinnar og skerði ekki verndargildi svæðisins. Því hvetur stofnunin til þess að það verði skoðað að mörkum svæðisins verði breytt þannig að þau liggja fjær vatninu og leggur til að þau fylgi göngustígnum neðan við byggðina, eins og þau gera sunnar á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að á deiliskipulagsupphætti eigi einnig að sýna það svæði sem er á náttúruminjasrá og telst þar með til náttúruverndarsvæðis, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga um náttúruvernd. Mörk þess svæðis eru önnur en mörk þess svæðis sem skilgreint er sem hverfisverndað svæði.

### **Yfirborðsvatn**

Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að skipulagssvæðið er allt á vatnasviði Urriðavatns. Þar segir einnig m.a.: „*Talið er að meirihluti vatns sem berst til Urriðavatns eigi uppruna sinn innan vatnasviðsins, annað hvort sem yfirborðsvatn eða um lindir í votlendinu að sunnanverðu og að aðeins lítill hluti aðrennslis berist sem grunnvatn lengra að.*

*Mikilvægt er að raska sem minnst náttúrulegu rennsli úrkomuvatns innan vatnasviðsins, til að viðhalda vatnsbúskap Urriðavatns.*“

Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur einnig fram að við hönnun og uppbyggingu svæðisins í Urriðaholti skuli m.a. hafa það að leiðarljósi að meðhöndla ofanvatn á sem náttúrulegastan hátt, í því skyni að viðhalda náttúrulegu aðstreymi úrkomuvatns til Urriðavatns.

Fyrir liggur umsögn heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 16. apríl sl. en í henni kemur m.a. fram að Urriðavatn hefur verið mengunarflokkað í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Langtímamarkmið er að varðveita náttúrulegt ástand þess, helst sem ósnortið vatn eða að öðrum kosti sem lítið snortið vatn. Í umsögn heilbrigðiseftirlitsins kemur jafnframt fram að ef ná á langtímamarkmiðinu þurfi að koma í veg fyrir beina losun mengandi efna í vatnið og telji heilbrigðiseftirlitið að það eigi að vera hægt ef fylgt verði þeim áætlunum sem kynntar hafa verið.

Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við deiliskipulagið hvað varðar meðhöndlun ofanvatns en telur mikilvægt að áætlunum um hreinsun ofanvatns verði fylgt vel eftir og þess gætt og fylgst með því að ofanvatnslausnir virki sem skyldi.

### **Mannvirkjagerð vegna útivistar og áhrif á lífríki Urriðavatns**

Eins og fram kemur í greinargerð með deiliskipulaginu er í Urriðavatni að finna fjölbreytt lífríki og norðan og sunnan við það er votlendi með fjölbreyttum gróðri. Urriði er í vatninu, auk hornsíla og smádýralíf í vatninu er fjölbreytt, bæði hvað varðar tegunda- og einstaklingsfjölda. Þá er fuglalíf við Urriðavatn og nágrenni þess fjölbreytt, en yfir 20 tegundir fugla sjást þar öðru hverju eða hafa þar reglulega búsetu.

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að staðið verði þannig að uppbyggingu í nágrenni við Urriðavatn að lífríki í vatninu verði ekki ógnað og að umhverfis þess, ekki síst votlendið, verði varðveitt. Í skýrslu Ólafs K. Nielsens frá 1993, Fuglalíf við vötn Hafnarfjarðar og Garðabæjar, er m.a. fjallað um Urriðavatn og verndargildi þess en þar segir m.a.:

*„Urriðakotsvatn og Vífilsstaðavatn eru frjósöm vötn með auðugu fuglalífi. Þessir staðir hafa mikið fræðslu- og útivistargildi fyrir almenning. Það er ekki bara fuglalíf sem gefur þessum þremur vötnum gildi heldur líka annað dýralíf, fjölbreytilegur gróður, jarðfræðileg fyrirbæri og fallegt landslag. .... Ástjörn, Urriðakotsvatn og Vífilsstaðavatn ættu að fá að þróast eftir*

*eigin lögmálum. Við gerð skipulags ætti að ganga þannig frá málum að aðrennsli til vatnanna raskist ekki, náttúrulegum búsvæðum í næsta nágrenni þeirra verði ekki raskað og að umgengni manna á þessum svæðum fari eftir settum reglum sem taki tillit til lífríkisins.“*

Þá segir í skýrslunni um Urriðavatn:

*„Til að tryggja framtíð tjarnarinnar tel ég að yfirvöld Garðabæjar þurfi að hafa eftirfarandi í huga. Ekki verði heimilað neitt jarðrask á hinu friðaða svæði. Hrossabeit verði aflétt í friðlandinu og vatnsrennsli um Þurramýri verði fært aftur í upprunalegt horf og fyllt upp í skurði. Siglingar verði bannaðar á vatninu. Óheimilt verði að fódra fuglana. Ekki verði leyft að sleppa eldissilungi í það líkt og gert er í Hvaleyrarvatni. Umferð gangandi fólks verði skipulögð með göngustígum og kynning á umgengnisreglum og náttúruferðum friðlandsins verði á vettvangi.“*

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir göngustíg í gegnum miðja byggðina í Urriðaholti og liggur stígurinn frá háholtinu niður að Urriðavatni og endar í bryggju sem liggur út í vatnið. Umhverfisstofnun telur að gerð bryggju út í Urriðavatn muni hafa neikvæð áhrif á lífríki vatnsins og leggst því alfarið gegn þeim áformum. Búast má við að umferð um bryggjuna muni trufla fuglalíf og fæla frá viðkvæmar tegundir. Þá má fastlega gera ráð fyrir að brauðgjöf fylgi í kjölfar þess, en það eykur næringarefnaákomu með tilheyrandi keðjuverkun í fæðuvefnum, og dregur til sín máfa og aðrar fuglategundir í mun meira mæli en við eðlilegar aðstæður. Það mun skapa sömu vandamál og við Tjörnina í Reykjavík og víða annars staðar. Vatnið mun því missa einkenni sín. Þá mun bryggja út í Urriðavatn nánast örugglega ýta undir bátaumferð um vatnið, en vatnið er grunnt, meðaldýpi aðeins um 0,75 m og hentar því alls ekki til siglinga, auk þess sem slík umferð hefði neikvæð áhrif á fuglalíf.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að það skýtur skökku við að grípa til sérstakra aðgerða við meðhöndlun ofanvatns til að viðhalda vatnsbúskap Urriðavatns og stefna að friðlýsingu vatnsins og umhverfis þess, m.a. vegna lífríkis, en gera síðan ráð fyrir mannvirkjagerð sem er í andstöðu við það markmið að vernda lífríkið.


Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir áningarstað við norðausturjaðar Urriðavatns, nálægt vatnsbakkanum. Í greinargerð kemur fram að þar sé þurrlegt fram á vatnsbakka. Stígar liggja að áningarstaðnum samkvæmt deiliskipulaginu og segir í greinargerð að lagður verði mjór malarlóði að honum sem jafnframt veiti aðgengi að votlendisjaðrinum.


Umhverfisstofnun telur að áningarstaðurinn sé óþarflega nálægt vatninu og skapi hættu á sóðaskap við vatnið og hvetur til þess að hann verði færður nær aðalgöngustígnum sem liggur neðan við byggðina. Mikilvægt er að tryggja góða umgengni og umhirðu við áningarstaðinn.

Umhverfisstofnun bendir á að ef talin verður þörf á að hafa áningarstað nær vatninu sé æskilegt að skoða það í tengslum við friðlýsingu svæðisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að á deiliskipulagsupphætti vantar skilgreiningu á gerð göngustígar sem liggur að fyrirhuguðum áningarstað við vatnið.

Virðingarfyllt

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
fagstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður